

Skólaráðsfundur

29. apríl 2014.

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Kristín og Birna fulltrúar kennara, Þorsteinn fulltrúi starfsmanna, Birgir Jóhannes og Snorri fulltrúar nemenda, Þóra, Hafdís og Þröstur fulltrúar foreldra og Ingólfur fulltrúi grenndarsamfélags, starfsmaður KR og foreldri.

Fulltrúar nemenda kynntu vettvangsathugun sem nemendaráð gerði á skólalóðinni. Þau skoðuðu skemmdir á lóðinni og hættur, tóku myndir og bentu á ýmislegt sem betur mætti fara. Í framhaldi ætla nemendur að senda borgaryfirvöldum niðurstöður.

Þorsteinn umsjónarmaður vill gjarnan fara út með nemendaráðinu og benda á fleira sem betur má fara og bæta við myndum áður en þetta verður sent lengra. Nemendaráð óskar eftir stuðningi foreldrafélagsins til að beita borgaryfirvöld þrýstingi.

Góðar umræður sköðuðust um kynninguna og ýmsar hugmyndir viðraðar. Skólastjóri ætlar að kanna hvar skólinn er í röðinni varðandi endurbætur á skólalóðinni.

Ákveðið að setja saman tillögu frá skólaráði til stuðnings tillögu nemenda. Foreldrafélagið verður upplýst um málið og óskað stuðnings til að þrýsta enn frekar á.

Spurt um skóladagatal næsta vetrar. Það er tilbúið og hægt að setja inn á heimasíðu.

Minnst á hugsanlega fyrirhugaðar aðgerðir kennara. Kosið hefur verið um þriggja daga vinnustöðvun í maí af félagsmönnum í FG. Niðurstöður liggja fyrir á morgun.

Spurt um fjárhagsstöðu skólans. Rekstur hefur farið fram úr áætlunum. Rekstraráætlun kynnt næst.

Næsti fundur 3.júní 2014

Fundi slitið  
Inga Sigurðardóttir